

Ed.

166. Frumvarp til laga

[115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

h-liður 4. gr. laganna orðist svo:

Sala á raforku, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

2. liður 6. gr. laganna orðist svo:

Innlendar landbúnaðarvörur, fiskur og fiskmeti, mjöl og mjölvörur, brauð og brauðvörur.

10. liður 6. gr. laganna orðist svo:

Flugvélaeldsneyti, kol og olía til húsahtunar, sala hitaveituvatns og raforku til heimilisnotkunar, fargjöld með strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum.

3. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur skulu eftirtaldar vörur undanþegnar söluskatti af innflutningi: Allar vörur, sem við gildistöku laganna eru undanþegnar söluskatti samkvæmt reglugerð, og auk þeirra nýir og þurrkaðir ávextir, grænmeti, heimilistæki, skófatnaður og efni til skógerðar, sjóklæði og efni til sjóklæðagerðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður söluskatta af nokkrum brýnum nauðsynjavörum í þeim tilgangi að lækka vöruverð og framfærslukostnað. Er hér í fyrsta lagi um að ræða, að hinn almenni 3% söluskattur verði numinn af öllum innlendum landbúnaðarvörum, en hann er nú heimtur af öllum slíkum vörum, öðrum en nýmjólk, og enn fremur að þessi skattur verði numinn af fiskmeti, mjölvörum og brauði og af kolum, olíu, hitaveituvatni og rafmagni til heimilisnotkunar. Enn fremur af fargjöldum með strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum. Í annan stað er svo lagt til, að söluskattur af innflutningi verði numinn af nokkrum vörflokkum, sem ætla má að þorra almennings væri einna hagstæðast að lækkuðu í verði, en bera sumir hverjir há aðflutningsgjöld. Er hér um að ræða nýja og þurrkaða ávexti, heimilistæki, skófatnað og sjóklæði og efnivörur til skógerðar og sjóklæðagerðar o. fl.

Þegar lög um söluskatt voru sett í marz 1960, gaf ríkisstjórnin mjög í skyn, að hinn svonefndi bráðabirgðasöluskattur af innfluttum vörum yrði aðeins í gildi það eina ár, en reyndin hefur orðið sú, að hún hefur nú beitt sér fyrir framlengingu hans fyrir fjórða árið, 1963. Þessi hluti söluskattanna er nú áætlaður samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1963 259.4 millj. kr. Þar eð allar tilraunir stjórnarandstöðunnar til þess að fá þennan skatt niður felldan hafa reynt árangurslausar, er þess nú freistað með flutningi þessa frv. að fara bil beggja og lagt til, að dregið verði úr hinni óhæfilegu söluskattsheimtu, sem svara mundi til um það bil fjórðungs af bráðabirgðasöluskattinum. En jafnframt er leitast við að velja þá vörflokka, sem lagt er til að leysa undan þessari skattheimtu, þannig, að komi að sem mestu gagni fyrir þau heimili í landinu, sem vegna lágra launakjara verða að binda vörukaup sín að mestu við nauðsynjar.

Flm. áætla, að heildarlækkun söluskattanna, sem leiða mundi af samþykkt frv., mundi nema 55—60 millj. kr. á ári og mundi lækka vísitölu framfærslukostnaðar um 2—3 stig. Samþykkt frv. mundi því vera nokkur vottur þess, að Alþingi vildi nú hefja viðnám gegn þeim straumi hraðvaxandi dýrtiðar og skerðingar launakjara, sem gengisfellingar og skattahækkunir síðustu ára hafa ýtt af stað. Og ekki virðist seinna vænna að hefja slíkt viðnám, ef vel á að fara. Ekki þarf heldur að efa, að verkalýðssamtökin, sem enn á ný telja sig nú tilneydd til þess að rétta hlut skjólstæðinga sinna, mundu, svo sem þau hafa margoft lýst yfir, meta slíkar verðlækkunaraðgerðir fullkomlega að verðleikum og taka tillit til þeirra í samningum um launakjör.